

## 2. fundur í menningar- og bókasafnsnefnd Langanesbyggðar haldinn þriðjudaginn 28. mars 2107

Mættir voru: Heiðrún Óladóttir, Guðjón Gamalíelsson, Oddný Kristjánsdóttir, Þórir Jónsson og Líney Sigurðardóttir.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Fyrir liggur erindi sem var vísað til Menningar- og bókasafnsnefndar á 61. fundi sveitarstjórnar 16. mars sl. Erindið varðar styrktarsjóð EBÍ, en sveitarfélög geta sent inn umsóknir í þennan sjóð. Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarþáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum í aðildarsveitarfélögum. Nefndin leggur til að sótt verði um styrk í Eyðibýlaverkefni sem Langanesbyggð hefur hafið vinnu á, en það verkefni snýst um að setja upp upplýsingaskilti norðan við Þórshöfn um um eyðibýlin á Langanesi. Lagt er til að sótt verði um styrk í þetta verkefni og að óskað verði eftir að Gréta Bergrún Jóhannesdóttir vinni málið áfram.
2. Önnur mál. Umræður um ýmis mál.

Fleira ekki gert, fundi slitið.